



ÁLFHÓLSSKÓLI

# **Skólanámskrá Álfhólsskóla**

## **9. bekkur**

## Efnisyfirlit

9.bekkur.....	4
Upphaf skólastarfs í 9. bekk.....	4
Ytra skipulag.....	4
Innra skipulag.....	4
Reglur um umgengni spjaldtölva á unglingastigi.....	5
Skólareglur.....	6
Læsisstefna.....	6
Skimanir og mat.....	7
Danska.....	8
Enska.....	11
Íslenska.....	14
Listgreinar.....	17
Leiklist og dans.....	18
Myndlist.....	19
Tónlist.....	19
Verkgreinar.....	21
Heimilisfræði.....	22
Hönnun og smíði.....	23
Textíl.....	23
Náttúrufræði.....	24
Samfélagsfræði.....	27

Skólaþróttir.....	30
Stærðfræði .....	33

## 9.bekkur

Í árganganámskrá Álfhólsskóla fyrir 9. bekk kemur fram hvernig skólinn skipuleggur skólastarfið og kennsluna, hvaða kennsluaðferðum er beitt og hvernig staðið er að námsmati í hverri námsgrein. Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Upphaf skólastarfs í 9. bekk

Skólasetning fyrir nemendur í 9. bekk og forráðamenn þeirra fer fram á hverju hausti í sal skólans Hjallameginn við upphaf fyrsta kennsludags. Í kjölfar skólasetningar er forráðamönnum boðið inn í kennslurými viðkomandi árgangs þar sem fer fram stutt kynning á áherslum og starfi vetrarins.

### Ytra skipulag

Nemendur í 9.bekk fá tæplega 25 kennslustundir (60 mínútur) á viku, sem samsvarar 37 40 mínútna kennslustundum. Skóladagurinn í 9.bekk hefst stundvíslega kl. 08:30. Skólinn er opinn frá kl. 07:30 og boðið upp á hafragraut í matsal skólans frá 07:45. Þó ber að nefna að ekki er gæsla á göngunum fyrr en eftir kl. 08:00. Nemendur fá frímínútur og morgunhressingu kl. 09:30-09:50. Lögð er áhersla á að nemendur komi með holt og gott nesti svo þeir geti sinnt náminu vel og haldið góðri einbeitingu. Mælst er til þess að þeir séu eingöngu með vatn, ávexti og/eða grænmeti. Nemendur á unglíngastigi hafa kost á að versla sér hressingu í matsal á kostnaðarverði. Því næst er kennsla kl. 09:50-10:50, þá eru frímínútur til kl. 11:00. Kennsla kl. 11:00-12:00 og svo er hádegismatur kl. 12:00-12:30. Forráðamenn geta skráð nemendur í mataráskrift og fá þá nemendur heitan mat í hádeginu. Þeir sem ekki eru skráðir í mat koma með nesti. Að matartímanum loknum er kennsla ýmist til kl. 13:30, 14:10 eða 14:30. Þá daga sem nemendur eru í valgreinum er kennt til kl.15:45 með 15 mínútuna frímínútum kl. 14:30.

Í 9.bekk er árganginum skipt upp í umsjónarhópa. Umsjónarkennarar, og aðrir faggreinakennarar, vinna saman sem teymi og skipta nemendum upp í vinnuhópa eftir því sem við á reglulega yfir veturinn, t.d. í samþættri vinnu í samfélagsfræði og íslensku. Einnig kemur inn stuðningur frá sérkennslu og alþjóðanámsveri eftir þörfum. Samliggjandi stofur eru skilgreindar fyrir 9.bekk hverju sinni þar sem hver umsjónarhópur á sína heimastofu og eru nemendur í þrjú ár með sömu heimastofu. Þannig verða nemendur öruggari í rými sínu og þekkja það betur um leið og vinnubrögð nemenda festast betur í sessi.

### Innra skipulag

Í 9. bekk er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og virka þátttöku nemenda í náminu. Mikil samþætting er í námi nemenda og er reynt að tengja upplýsingatækni, læsi og lestrarkennslu við sem flestar námsgreinar. Í greinarhluta hér að neðan er greint nánar frá kennsluaðferðum og námsmatsleiðum í ólíkum námsgreinum.

Í Álfhólsskóla er rík áhersla á heimalestur og eiga nemendur í 9. bekk að lesa heima a.m.k. fimm daga vikunnar. Önnur verkefnavinna heima ætti að taka að hámarki 40 mínútur á dag. Öll heimavinna er skráð á Mentor og ber kennurum að aðgæta hvað er þegar búið að setja fyrir hjá nemendum áður en heimavinna er skráð í kerfið. Tilmæli eru til kennara um að setja ekki heimanám fyrir frídaga. Í því sambandi skal þó árétta að miðað er við samsvarandi heimanám fyrir mánudaga eins og aðra virka daga. Nemandi hefur þá val um hvort hann lýkur því heimanámi á föstudegi eða um helgi. Þá eru einnig tilmæli til kennara um að setja ekki próf eða önnur stærri verkefnaskil daginn eftir vetrarfrí og lögbundna frídaga, s.s. sumardaginn fyrsta, 1.maí og uppstigningardag.

Í lok vikunnar senda umsjónarkennarar vikupóst á foreldra í gegnum Mentor þar sem þeir koma á framfæri mikilvægum upplýsingum varðandi skólastarfið og faglegum ábendingum. Foreldrar eru einnig hvattir til að fylgjast með námi barna sinna á Mentor og verkefnaskilum í gegnum Bekkjarrými (e. Google Classroom), Keywe.is, flipgrid o.fl. eftir því sem við á hverju sinni.

Allir nemendur í 9. bekk hafa fengið afhentar eigin spjaldtölvur frá Kópavogsbæ til notkunar í náminu.

Markmiðin með spjaldtölvuverkefni Kópavogs eru að:

- Færa námið nær daglegu lífi nemenda. Þeir fá meira um nám sitt að segja og verða ábyrgir notendur tækninnar í leik og starfi.
- Námið sniðið betur að hverjum og einum.
- Meiri ánægja og áhugi á námi, aukin ábyrgð og bættur árangur.
- Aukin fjölbreytni í námsumhverfi, nám á ferð og flugi.
- Meiri fjölbreytni í kennsluháttum.
- Meiri skólaþróun.
- Stuðningur við markmið skóla án aðgreiningar með einstaklingsmiðaðra námi.
- Stuðningur við sjálfstæði skóla þar sem hver skóli hefur sín leiðarljós.
- Vægi sköpunar og nýsköpunar í námi aukið.
- Aukin tæknikunnátta nemenda og kennara.
- Bætt upplýsinga- og miðlaæsi nemenda, efling stafrænnar borgaravítundar.
- Nemandinn skapar þekkingu.
- Efling lærdómssamfélagsins.
- Betri tengsl foreldra við nám nemenda og skólastarfið í heild.

Reglur um notkun spjaldtölva á hverju stigi eru í gildi í skólanum foreldrar eru ábyrgir fyrir notkun spjaldtölvanna heima. Foreldrar geta óskað eftir því að nemendur geymi spjaldtölvurnar alfarið í skólanum. Taka ber fram að samkvæmt skólareglum eru notkun annarra snjalltækja ekki heimil á skólatíma.

Reglur um umgengni spjaldtölva á unglíngastigi

1. Nemendur koma með spjaldtölvur lokaðar í upphafi kennslustunda.
2. Kennari stýrir notkun spjaldtölva í sinni kennslustund.
3. Nemendur hafa spjaldtölvur lokaðar á meðan þeir ganga.

4. Nemendur fara ekki með spjaldtölvur í íþróttir og sund.
5. Nemendur eru ekki með spjaldtölvur í matsal.
6. Nemendur eru ekki með smáforrit eða samskiptamiðla sem þeir hafa ekki aldur til að nota í spjaldtölvunum sínum.

Um viðurlög við brot á reglum um notkun á spjaldtölvum vísast til viðlaga um brot á skólareglum.

### Skólareglur

Í upphafi hvers skólaárs halda umsjónarkennarar bekkjarfundi með nemendum sínum og útbúa í sameiningu bekkjarreglur sem taka mið af skólareglum og skólamenningu. Skólareglur eru eftirfarandi:

1. Við sýnum hvert öðru virðingu.
2. Við erum stundvís.
3. Við göngum vel um.
4. Við erum ekki á faratækjum á skólalóðinni.
5. Nemendur yfirgefa ekki skólalóðina án leyfis.
6. Skólinn tekur ekki ábyrgð á verðmætum.
7. Notkun snjalltækja er í samráði við kennara.
8. Við komum með holla og góða fæðu í skólann nema við sérstök tilefni.

Við berum öll ábyrgð á að fara eftir reglum skólans. Brjóti nemandi skólareglur og/eða hegðun hans óviðunandi fylgir skólinn verklagsreglum um ferli vegna slíkrar hegðunar.

Aðgerðir og viðurlög við brotum á skólareglum má finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun ár hvert.

### Læsisstefna

Mennta og menningarmálaráðuneytið í samvinnu við sveitarfélög og skóla setti fram þjóðarsáttmála um læsi sem hefur það að markmiði að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Átakið skal gilda til ársins 2018 og er læsisstefna Kópavogs byggð á sama grunni eins og sjá má á heimasíðu Kópavogsbæjar. Læsisstefnuna má lesa á í heild sinni á [heimasíðu skólans](#).

Í stefnu Kópavogsbæjar eru sett fram skýr markmið til skóla bæjarins um að þeim beri að stefna að því að 90% nemenda verði læsir í lok grunnskóla eins og þjóðarsáttmálinn kveður á um. Skólarnir hafa hver um sig mótað sína eigin stefnu um hvernig þeir vilja ná þessum markmiðum.

Ný læsistefna Álfhólsskóla hefur verið birt á heimasíðu skólans og var stefnan unnin af læsisteymi skólans, en í því sitja bæði almennir kennarar og sérkennarar af öllum aldurstigum. Markmiðið með læsistefnu Álfhólsskóla hefur verið að fastmóta leiðir í lestri og lestrarfærni og setja fram námsmarkmið í lestrarkennslu. Læsisteymið vann að því að setja fram markvissar áherslur um lestrarkennslu og áætlanir um greiningar og próf. Niðurstöður eru ætlaðar til að finna leiðir til úrbóta. Lesskilningur og lestrarframfarir eru grunnþættir þeirrar vinnu sem þarf að vera í sífelldri þróun. Því er viðbúið að breytingar eigi sér stað bæði með nýjum leiðum og nýrri sýn á greiningar og próf.

### Skimanir og mat

Í 9. bekk er lagt fyrir lesskimunarpróf Menntamálastofnunnar þrisvar á ári, eins og í öllum árgöngum skólans, og niðurstöðum skilað inn rafrænt. Þessi próf gefa sýn á hvar nemandinn er staddur í lestarferlinu. Að auki er svo stafsetningarskimunarpróf einu sinni yfir skólaárið. Þá eru samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku lögð fyrir í febrúar. Aðrar skimanir, t.d. Logos skimun og talnalykill, eru lagðar fyrir eftir þörfum.

## Danska

Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að nýta sér þá þekkingu. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum og læra að beita málinu í frásögnum og samskiptum. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Fjöldi Íslendinga flytur til Norðurlandanna til að stunda nám eða vinnu og því mikilvægt að nemendur öðlist grunn í a.m.k. einu af Norðurlandamálunum. Megin viðfangsefni námssviðsins er áhersla á færniþættina fjóra; lestur, talað mál, hlustun og ritun. Til þess að öðlast færni í tungumálinu er mikilvægt að þessir þættir haldist allir í hendur.

**Tímafjöldi á viku:** 3 kennslustundir (40 mín), kennt í 2 klst. kennslustundum.

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum.

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp,</li> <li>fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum,</li> <li>beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum.</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,</li> <li>temur sér gagnrýna hugsun og skoðun,</li> <li>fræðist um mismunun og forréttindi fólks í viðum skilningi,</li> <li>tekur tillit til skoðana annarra,</li> <li>metur og bregst við ólíkum skoðunum á fordómalausan hátt.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fær tækifæri á velja verkefni við hæfi sem hefur áhrif á útkomu,</li> <li>tekur tillit til skoðana annarra,</li> <li>kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,</li> <li>lærir um lýðræði og grunnstoðir samfélagsins,</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,</li> <li>• getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan og gagnrýnan hátt.</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• öðlast þekkingu á menningarlæsi s.s. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum,</li> <li>• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li> <li>• nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu,</li> <li>• nýtir gagnvirkir námsefni.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína,</li> <li>• er virkur og tekur þátt í samvinnu.</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtir tæknina á skapandi hátt,</li> <li>• virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum,</li> <li>• nýtir hæfileika sína og skapar afurð.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:

Mikilvægt er að nemendur tileinki sér jákvætt viðhorf gagnvart dönsku og viti um kosti þess að læra norrænt tungumál. Helstu viðfangsefni dönskunámsins í 9. bekk snúa að nemendum sjálfum og daglegu lífi þeirra, s.s. mismunandi miðlum, fatnaði, greind, frítíma og heimili. Að auki er rýnt í menningu, staðhætti og jólasíði. Verkefni reyna á og þjálfja alla fjóra færniþættina; lestur, hlustun, talað mál og ritun. Mikil áhersla er lögð á hlustun og tjáningu auk þess sem lögð er áhersla á að allir nemendur finni sína aðferð við að lesa og skilja texta. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, s.s. bein kennsla (innlagnir), samvinnunám, hópavinna, einstaklingsvinna, hlustunaræfingar, samtalsæfingar, gagnkvirk kennsla, tónlist, spil, leikir o.fl.

Helstu markmið eru að nemendur:

- þjálfist í að hlusta á og skilja talað mál,
- öðlist skilning á texta af mismunandi gerðum,
- bæti orðaforða sinn og lesskilning,
- þjálfist í að nota tungumálið á viðeigandi hátt í samskiptum við aðra,
- geti greint skipulega frá því sem þeir sjá eða lesa og geti tjáð skoðanir sínar,
- geti skrifað texta af mismunandi gerðum og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakendur,
- kynnist mismunandi menningarsvæðum þar sem danska/Norðurlandarmál eru notuð sem móðurmál.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið eru metin með hæfnitáknum og verkefni út frá fjölbreyttum matskvörðum eftir því sem við á hverju sinni. Að vori er hæfni hvers nemanda í ensku tekin saman í eina einkunn, hæfni á námssviði, í bókstöfum og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor

### Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Smil les- og vinnubók
- Fjölrituð verkefni
- Kvikmyndir
- Námsefni af neti

## Enska

Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunafroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist margvíslega hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að nýta sér þá þekkingu. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum og læra að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Enskan gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum og þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Að auki er mikilvægt að hafa gott vald á ensku þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku. Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls.

**Tímafjöldi á viku:** 2 kennslustundir (60 mín) á viku.

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum.

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• stuðlar að jákvæðum skólabrag,</li> <li>• sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp,</li> <li>• fær markvissa endurgjöf sem styrkir jákvæða sjálfmynd og eflir færni í samskiptum.</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• mismunar ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu</li> <li>• temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum,</li> <li>• fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra og tekur tillit til skoðana þeirra.</li> <li>• hjálpar og styður við aðra nemendur í gegnum samvinnunám,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>eykur víðsýni sína og læsi á aðra menningarheima.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>kemur fram við aðra af virðingu og tillitssemi,</li> <li>vinnur eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar,</li> <li>vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt,</li> <li>temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,</li> <li>er hvattur til að vera virkur og sjálfstæður í verkefnavali.</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>lesi upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu,</li> <li>tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir,</li> <li>nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla,</li> <li>þjálfar lesskilning á margbreytilegan hátt, s.s. myndlæsi og miðlalæsi.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans,</li> <li>þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila.</li> <li>lærir að þekkja, skilja og virða náttúruna.</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>virkir hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna,</li> <li>nýtir hæfileika sína og skapar afurð,</li> <li>vinnur skapandi verkefni sem stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:

Nemendur vinna að ýmiskonar verkefnum, ýmist einstaklingslega eða í hóp. Lesskilningur er þjálfður með lestri ýmissa texta og verkefnum unnum út frá þeim, bæði munnlegum og skriflegum. Auk þess er lesin a. m. k. ein léttlestrarbók. Tekist er á við fjölmargar hlustunaræfingar, þar sem nemendur hlusta eftir einstökum orðum eða nákvæmum atriðum. Einnig er notast við ýmislegt efni af netinu, s. s. söngtexta. Ritleikni er þjálfuð með því að nemendur tjá sig skriflega um ýmis málefni, bæði að eigin vali og í verkefnum sem kennari leggur fyrir. Ritun er einnig þjálfuð í þemavinnu og út frá skáldsögum og bíómyndum. Málfræði er þjálfuð með ritun og með sérstökum málfræðiverkefnum í vinnubók. Munnlega færni þjálfar nemendur í gegnum fjölbreytt samtalsverkefni og einnig með því að kynna ýmis þemaverkefni.

Leitast er eftir því að nemendur geti:

- hlustað eftir ákveðnum atriðum í frásögn eða samtali,
- skilið einfalt mál, talað og ritað, er snýr að reynsluheimi þeirra,
- bætt orðaforða sinn og lesskilning,
- haldið uppi samræðum með eðlilegum framburði, hafi lykilorðaforða og kunni að beita einföldum kurteisisvenjum,

- sagt frá því sem þeir lesa eða sjá á skipulegan hátt og tjáð skoðanir sínar,
- skrifað og stafsett rétt einföld orð og setningar úr lykilorðaforða og daglega lífi þeirra og notað algengustu greinarmerki,
- sýnt fram að þeir þekki og skilji ýmsa þætti er snúa að daglegu lífi og því sem er líkt og ólíkt í eigin menningu.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið eru metin með hæfnitáknum og verkefni út frá fjölbreyttum matskvörðum eftir því sem við á hverju sinni. Að vori er hæfni hvers nemanda í ensku tekin saman í eina einkunn, hæfni á námssviði, í bókstöfum og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

### Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Spotlight 9
- Léttlestrarbækur
- Efni á veraldarvefnum
- Mynddiskar
- Ýmis ljósrituð verkefni
- Orðabækur

# Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

**Tímafjöldi á viku:** 4 kennslustundir (60 mín) á viku

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í íslensku í 9. bekk

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tileinkar sér jákvætt siðferði og orðbragð í skólanum og utan hans,</li> <li>• gerir sér grein fyrir heimi netmiðlanna og þeim hættum sem þeir búa yfir ef ekki er varlega farið í skrifum á netinu.</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• mismunari ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu,</li> <li>• vinnur með námsefni og geri verkefni sem höfða jafnt til beggja kynja,</li> <li>• tekur tillit til skoðana annarra.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnir samskiptahæfni, vinnur með öðrum af fullri virðingu og umburðarlyndi,</li> <li>• tekur þátt í samstarfi í hópi á jákvæðan og uppbyggilegan hátt,</li> <li>• fær tækifæri til að móta og hafa skoðun á því námsefni og áherslum sem unnið er með í skólanum.</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinnur verkefni sem reyna á umhverfislæsi, ullýsingalæsi, miðlalæsi og auglýsingalæsi.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lagt mat á trúverðuleika þeirra gagna sem hann vinnur með,</li> <li>• sýnir sjálfstæð vinnubrögð og beitir gagnrýninni hugsun,</li> <li>• yndislestur, bóka- og rithöfundakynningar. Mikil áhersla lögð á að reyna eftir fremsta megni að glæða áhuga á bókum og lestri. Með auknum lestri fæst “ókeypis” þjálfun í annars konar læsi svo sem menningarlæsi, tilfinningalæsi og samskiptalæsi.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skilur að það eru mismunandi þjóðfélagshópar í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli,</li> <li>• þjálfast í gagnrýninni hugsun á sjálfan sig og samfélagið.</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• velur sér réttan miðil og aðferð við að koma hugsunum sínum, skoðunum og vinnu til skila á fjölbreyttan hátt,</li> <li>• fær að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika s'ðer með fjölbreytta útfærslu verkefna.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:

Árgangurinn vinnur með sama viðfangsefni íslenskunnar á sama tíma í fjórum hópum en nemendur takast á við ólík verkefni sem krefjast mismunandi færni á misjöfnum hraða og aðstoð sérkennara eftir þörfum. Kennslustundir byrja á 15 mínútna yndislestri. Bókmenntir eru kenndar í lotum og eru íslenskutímarnir því undirlagðir í bókmenntakennslu á meðan nemendur eru að lesa stærri verk. Á milli lota er meira unnið með tjáningu, málfræði og stafstetningu. Í kennslustundum eru ýmsar kennsluáðferðir notaðar svo sem: Útlistunarkennsla (fyrirlestrar, myndmiðlar og hlustunarefni), verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, samvinnunám, sjálfstæð skapandi viðfangsefni. Áhersla er lögð á hópverkefni og námstækni og skipulag s.s. hugtakakort og gagnvirkan lestur. Bæði er lögð áhersla á munnlega og skriflega tjáningu. Mikil áhersla á virkni og sjálfstæði nemenda. Nemendur eiga að geta unnið sjálfstætt að lausn verkefnanna og unnið saman í litlum hópum.

Auk fyrrgreindra fjögurra hópa er alþjóðaver við skólann en þar fer fram kennsla í íslensku sem annað mál (sjá nánar kaflanum íslenska sem annað mál í skólanámskrá). Þá er einnig einstaklingsmiðuð íslenskukennsla í einhverfudeild út frá einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda hverju sinni (sjá nánar í skólanámskrá fyrir einhverfudeild).

Megin viðfangsefni íslenskunnar eru málfræði og stafsetning, lestur og bókmenntir, hlustun, framsögn og ritun. Markmið eru að nemendur:

- viti hvað sagnorð eru og helstu reglur sem snerta þau,
- tileinki sér viðeigandi málnotkun,
- geti skrifað mismunandi texta frá eigin brjósti sem hæfir tilefni og geti rökstutt skoðanir sínar,
- tileinki sér gagnrýna hugsun,
- auki orðaforða sinn og lesskilning,

- æfi framburð og tjáningu sem hæfir tilefni,
- kynnist nýjum bókmenntum og fornsögum,
- þjálfist í að nýta sér gagnasöfn og uppflettirit.

Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið eru metin með hæfnitáknum og verkefni út frá fjölbreyttum matskvörðum eftir því sem við á hverju sinni. Að vori er hæfni hvers nemanda í íslensku tekin saman í eina einkunn, hæfni á námssviði, í bókstöfum og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

### Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Ýmsar skáldsögur
- Íslendingasögur
- Ýmis fjölrituð plögg
- Uppfletti- og handbækur í málfræði
- Orðabækur
- Snara.is
- Orðbragð- mynddiskur og bók



## Listgreinar

Listir eru einn þeirra grunnþátta sem mótar daglegt líf og er svo samofinn menningu, menntun og velferð hvernar manneskju að oft erum við ekki meðvituð um sérstaka tilvist lista og dagleg áhrif þeirra. Listgreinum er skipt í sviðslistir, þ.e. tónmennt, dans, leiklist og sjónlistir. Listir eru því margar ólíkar greinar þó ýmsilegt tengi þær saman. Áhersla er á sköpun, tækni, fagurfræði og gildi, verkkunnáttu, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. Í listfræðslu þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat og sjálfstæð vinnubrögð, gagnrýna hugsun og umræðu, sköpun og frumkvæði, ábyrgð á eigin sköpun og þá undirstöðu sjálfbærni, framsetningu, túlkun og tjáningu, menningarlæsi og samfélagsþekkingu, þekkingu á og virðingu fyrir stílum, straumum og stefnum og þá fjölmenningu. Í tónlist og leiklist þjálfar nemendur sérstaklega samvinnu í sköpun og frumkvæði og virðingu í skoðanaskiptum sem stuðlar að aukinni samlíðan, jafnrétti og lýðræðislegum vinnubrögðum. Um leið og hver listgrein er fræðigreinin sem krefst þekkingu grunnþátta tiltekinnar fræðigreinar eru listgreinar einnig góð leið til að læra aðrar námsgreinar.

**Tímafjöldi á viku:** Tvöföld kennslustund (120 mínútur) á viku, 5 – 6 vikur í senn.

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í listgreinum í 9.bekk

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitir rétttri líkamsstöðu,</li> <li>• beitir áhöldum og tækjum greinanna á ábyrgan þátt,</li> <li>• tileinkar sér mikilvægi hreinlætis og góðrar umgengni,</li> <li>• fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum,</li> <li>• sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefni.</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tileinkar sér fordómaleysi. sýna öllum virðingu og mismuna ekki öðrum hvað varðar kyn eða uppruna,</li> <li>• tileinkar sér gott siðferði og fara eftir reglum,</li> <li>• lærir að taka tillit til skoðanna annarra,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,</li> <li>• gerir sér grein fyrir fjölbreyttum tilgangi listarinnar í samfélaginu.</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• velur með leiðsögn verkefni sem henta hverju sinni,</li> <li>• gerir gert sér grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefninu,</li> <li>• getur tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sín.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi og samskiptum,</li> <li>• fær tækifæri til að standa að og sækja listviðburði,</li> <li>• sér tækifæri og möguleika sem liggja í að flokka og endurnýta efni og nýjan á ábyrgan hátt,</li> <li>• nýtir sér efni og aðstæður í nánasta umhverfi .</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fær að tjá sig myndrænt, í hreyfingu, leik og tónum,</li> <li>• notar ímyndunarafl, frumkvæði og hæfileika til að þróa eigin listsköpun,</li> <li>• getur unnið ferli frá hugmynd til afurðar,</li> <li>• getur unnið skapandi ferli í samvinnu við aðra.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Árganginum er skipt upp í sex hópa í list- og verkgreinum. Hver hópur fær kennslu í hverri list- og verkgrein einn tvöfaldan tíma á viku í 5-6 vikur í senn. Listgreinum er skipt upp í leiklist, tónlist og myndlist. Nemendur vinna bæði einstaklingslega og í hóp. Kennsluáferðir eru m.a. bein kennsla, gagnvirk kennsla, uppgötvunarnám, sýnikennsla, leitarnám, hópvinna, og hlutverkaleikir. Lögð er áhersla á samþættingu við aðrar greinar, bóknáms- og list- og verkgreinar. Nemendur vinna með sama viðfangsefnið en nemendur fá verkefni og stuðning við hæfi. Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Námsmat byggir á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lagt er mat á hæfni, leikni og þekkingu nemenda samkvæmt hæfniviðmiðum listgreina. Lögð er áhersla á virkni, metnað og áhuga, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, tækni og sköpun, umgengni og frágang. Nemendur vinna að rafrænni ferilmöppu í hverri grein og eru verkefni hennar höfð til grundvallar við mat á hæfni nemandans í viðkomandi listgrein. Námsmat birtist því fyrir hæfniviðmið allra listgreina en einnig gefa kennarar nemendum einkunn (bókstaf) fyrir hæfni á námssviði hvernar greinar fyrir sig, eins konar samantekt á hæfni nemandans í viðkomandi listgrein og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

### Leiklist og dans

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Nemendur beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta. Leiklist er list augnabliksins. Leiklistarkennslan getur tekist á við þau mál sem efst eru á baugi í

samfélaginu hverju sinni og brenna á nemendum. Þannig skerpist samfélagsvitund þeirra og þeir virkjast til lýðræðislegrar þátttöku. Leiklist er einnig í eðli sínu samþætt listform þar sem allar listgreinar koma saman. Hún nýtist vel til þess að auðga og styrkja kennslu í greinum eins og móðurmáli, samfélagsfræði, sögu og erlendum tungumálum og getur þannig gegnt lykilhlutverki í samþættingu námsgreina og námssviða. Leiklistin felur einnig í sér fjölda leikja og æfinga sem geta krafist mikillar líkamlegrar virkni og útrásar.

### **Þjargir fyrir kennara og nemendur**

- Laban for actors eftir Rudolpf Laban
- Actors Prepares eftir Konstantín Stanislavski
- Aðalnámskrá sviðsbardaga frá BADC
- Leiklist í kennslu
- Fliss.is
- Youtube.com
- Leikjavefurinn.is
- Leikhússport
- Ýmislegt efni frá National Theatre of England, Royal Academy of Dramatic Arts, East 15 Acting School og Listaháskóla Íslands

### **Myndlist**

Í myndlist fær nemandinn tækifæri til að tjá sköpunarkraft sinn, tileikina sér tækni og þjálfva verklega hæfni. Nemendur tilfinningu sína fyrir litum, línunum og formum. Nemendur skapa myndverk og hluti og læra ferlið frá hugmynd til lokaafurðar.

### **Þjargir fyrir kennara og nemendur**

- Myndmennt 1 og 2
- Hugmyndabankar á netinu
- Ýmsar heimasíður og blogg annara skóla og kennara.
- Tímarit, fag- og listaverkabækur

### **Tónlist**

Tónlist er ein elsta og náttúrulegasta tjáningar- og skynjunarleið hvernar manneskju og er því einn grunnþáttur í tilvist hvernar manneskju. Tónlistin er samofin hrynjanda, sköpun, skynjun og tjáningu hvers einstaklings og umhverfis hans. Hún er samofin flestum öðrum þáttum í lífi hvers manns allt frá hjartslætti og lífsklukku hvers einstaklings og umhverfis hans, til menningarlegra hátíðarhalda og samfélagslegs notagildis, til tónlistar sem fræðigreinar og listforms hámenningar hvers samfélags. Tónlistin er tungumál tilfinninga og fagurfræðilegrar upplifunar. Tónlist er sjálfstæð fræðigrein sem krefst þekkingar, hæfni og leikni í grunnþáttum. Í því felst þekking grunnþátta tónlistar, hæfni til að nýta þá í eigin sköpun og framsetningu og leikni sem eflir tækni, þroskar fínhyfingar, samhæfingu og samvinnu hugar, hjarta og handa. Að auki er tónlist samofin öðrum námsgreinum. Markmiðið með tónmenntarkennslunni er að fá nemendur til að taka þátt í tónlist á jákvæðan og fordómalausán hátt með fjölbreyttu verkefnavali, þeir dýpki ímyndunarafl sitt, þjálfist í samvinnu við aðra, komi með

hugmyndir og leiðir inn í skapandi ferli, geti sagt frá ýmsum stefnum innan tónlistar og greint tegund tónlistar (popp, rokk, klassík o.s.frv.), finni sitt áhugasvið innan tónlistarinnar.

### **Bjargir fyrir kennara og nemendur**

- Hljóðspor Péturs Hafþórs
- tonmennt.com
- Garagaband
- Notes trainer
- Youtube.com

## Verkgreinar

Megintilgangur með námi í verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflíð, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir vege og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Verkbekking myndar stóran og fjölbreyttan atvinnuvettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Námið í verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og áttað sig á atvinnu- og námstækifærum. Undir verkgreinar heyrja hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði.

**Tímajöldi á viku:** Tvöföld kennslustund (120 mínútur) á viku, 5 – 6 vikur í senn.

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í verkgreinum í 9.bekk

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitir líkamanum rétt, er meðvitaður um réttar vinnustellingar og örugga umgengni á vinnusvæði,</li> <li>• fer eftir reglum um ábyrga notkun áhalda og tækja,</li> <li>• sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefni,</li> <li>• fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum,</li> <li>• gerir sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis.</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fær tækifæri til að rækta hæfileik sína og þroskast á eigin forsendum án fordóma,</li> <li>• fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,</li> <li>• tekur tillit til skoðanna annarra.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tileinkar sér almenna kurteisi í samskiptum,</li> <li>• femur fram af virðingu og ábyrgð,</li> <li>• gerir sér grein fyrir margvíslegum tilgangi verkþekkingar í samfélaginu,</li> <li>• tekur ábyrgð og vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til afurðar,</li> <li>• fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi og aðlaga að sínu áhugasviði.</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• velur með leiðsögn verkefni sem henta hverju sinni og rökstyður val á vinnuferlum,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur valið og notað ólíkar aðferðir við útfærslu verkefna sinna,</li> <li>• velur og notar á ábyrgan og réttan hátt áhöld og tæki sem henta viðfangsefnum hverjum sinni,</li> <li>• getur tjáð sig um viðfangsefni sitt og notað rétt hugtök,</li> <li>• nýtir sér leiðbeiningar og les í vinnuumhverfi sitt.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi sínu og samskiptum,</li> <li>• fær þor til að taka þátt í viðburðum og vera þátttakandi í samkomum á félagslegum grunni,</li> <li>• nýtir sér tækifæri og möguleika sem liggja í að flokka og endurnýta efni með umhverfisvernd og sjálfbærni í huga,</li> <li>• nýtir efnivið á ábyrgan hátt,</li> <li>• gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt,</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitir fjölbreyttum aðferðum og tækni við hönnun, útfærslu og úrvinnslu verkefna,</li> <li>• virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leika sér með möguleikana og sýna mismunandi útfærslur,</li> <li>• fær tækifæri til að sýna og nýta hæfileika sína á fjölbreyttan og skapandi hátt.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Árganginum er skipt upp í sex hópa í list- og verkgreinum. Hver hópur fær kennslu í hverri list- og verkgrein einn tvöfaldan tíma á viku í 5-6 vikur í senn. Verkgreinum er skipt upp í Heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmenn. Reynt er að samþætta verkgreinarnar eins og tækifæri gefast til. Í grunninn er viðfangsefni allra nemendanna það sama en þó getur áherslan og verkefni verið mismunandi eftir gerð hópsins og aðlagð að einstaka nemendum. Einnig eru sérstakir færni tímar fyrir nemendur úr einhverfudeild. Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Námsmat byggir á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lagt er mat á hæfni, leikni og þekkingu nemenda samkvæmt hæfniviðmiðum listgreina. Lögð er áhersla á virkni, metnað og áhuga, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, tækni og sköpun, umgengni og frágang. Nemendur vinna að rafrænni ferilmöppu í hverri grein og eru verkefni hennar höfð til grundvallar við mat á hæfni nemandans í viðkomandi verkgrein. Námsmat birtist því fyrir hæfniviðmið allra verkgreina en einnig gefa kennarar nemendum einkunn (bókstaf) fyrir hæfni á námssviði hvernar greinar fyrir sig, eins konar samantekt á hæfni nemandans í viðkomandi verkgrein og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

### Heimilisfræði

Nám í heimilisfræði snýst um næringu og hollustu, matreiðslu og vinnubrögð, matvælafræði, hreinlæti, neytendafræði og umhverfisvernd. Með námi í heimilisfræði er stefnt að því að auðvelda nemendum að takast við daglegt líf og gera þá meðvitaða neytendur í nútímasamfélagi. Lögð er áhersla á að nemandi

kynnist undirstöðupáttum í mælingum og læri undirstöðu í vinnubrögðum við matreiðslu og bakstur. Einnig er lagt upp með að nemandi kynnist því hvað er hollt mataræði, hann þekki fæðuhringinn og læri undirstöðupætti í umhverfisvernd.

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Næringaefnatöflur
- Ljósrit, blöð og tímarit
- Youtube.com

## Hönnun og smíði

Kennsla í smíði tekur mið af hæfileikum og getu einstaklings og stuðlar að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Nemendur fá þjálfun í að móta hugmyndir í efni með þeirri verktækni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Lögð er áhersla á að nemandinn tileinki sér vönduð vinnubrögð. Sýni ábyrga umgengni um efni, áhöld, vélar og verkstæði, sýni frumkvæði í verkefnavali og sköpun. Nemendur vinna verkefni með leiðsögn kennara þar sem leitast er við að efla sköpunarhæfileika og sjálfstraust þeirra og byggja á fyrri reynslu.

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Smidakennari.is
- Málmsmíði,
- Handbækur
- Smíðabækur
- Glervinna
- Almanak frá Sorpu um endurunnið efni
- Ljósrit frá kennara

## Textíl

Textíl nám byggist á þekkingu á eðli efna og vinnuferla sem og ríkri hefð fyrir nýtingu og endurnýtingu. Námsgreinin felur í sér bæði hönnun og handverk. Kennsla í textíl byggir á því að þroska og þjálf hug og hönd nemanda, kenna þeim vandvirkni og rétt vinnubrögð. Lögð er áhersla á að efla hugmyndaflug og sköpunarhæfni nemanda, vekja áhuga á textíl og verkmenningu. Í textíl námi þjálfast nemendur í að beita ýmsum áhöldum, umgangast þau og þekki heiti þeirra.

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Hugmyndabanki kennara
- Hannyrðir í 3.- 6. bekk
- Alt om håndarbejde(tímarit)
- Onion sníðaarkir
- Popplis
- Myndbönd á youtube.com

## Náttúrufræði

Virðing og ábyrgð hvers og eins á náttúrunni og verndun hennar skiptir höuðmáli í nútímaþjóðfélagi. Brýnt er að nemendur geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem koma upp hvað varða náttúruvernd og nýtingu auðlinda. Undir náttúrugreinar í Álfhólsskóla heyra m.a. eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti þessara náttúrugreina sem stuðlar að því að nemendur skynji að þeir eru hluti af náttúrunni. Mikilvægt er að nemendur öðlist hæfni og leikni í að umgangast og njóta náttúrunnar, sem og meðvitund um ábyrgð mannsins á umhverfi sínu og mikilvægi góðs samspils hans við náttúru og tækni. Í gegnum nám í náttúrugreinum kynnast nemendur leiðum til að efla læsi á umhverfið og fá innsýn í undurstöðupætti sjálfbærrar þróunar. Þannig skynja þeir að umhverfi, velferð, efnahagur og samfélag er órofin heild. Nauðsynlegt er að nemendur fái tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita athygli, afla gagna, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum.

Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrufræði í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að taka afstöðu til verndunar og nýtingar náttúruauðlinda og sjálfbærrar þróunar og rökræða álitamál sem varða umgengni við náttúruna, tækni og nýjustu vísindi.

**Tímajöldi á viku:** Tvær kennslustundir (60 mín) á viku.

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í náttúrufræði í 9. bekk

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtir eigin styrkleika við vinnu verkefna,</li> <li>gerir sér grein fyrir eigin ábyrgð á heilsu og velferð með ástundun heilbrigðra lífshátta,</li> <li>temur sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði.</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gerir sér grein fyrir að allir menn eru jafnir óháð kyni, kynhneigð og kynþætti,</li> <li>getur rætt um mikilvægi fjölbreytileika í lífríki dýra, plantna og manna,</li> <li>fær tækifæri til að vinna verkefni út frá eigin forsendum og áhuga.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>virðir umhverfi sitt og þær lífverur sem í því búa,</li> <li>getur tekið afstöðu til álitamála varðandi náttúruna t.d. vegna verndunar og nýtingar náttúruauðlinda,</li> <li>getur valið sér verkefni við hæfi og valið úrlausnarform sem honum hentar.</li> </ul>



<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• les texta í náttúrufræði sér til gagns, vinnur með hann og útskýrir,</li> <li>• les í náttúruna og þekkir mikilvæg hugtök hennar,</li> <li>• nýtir hugtök og efni náttúrufræðinnar í daglegu lífi og verkefnum,</li> <li>• tækifæri til að vinna fjölbreytt verkefni með hjálp ólíkra miðla.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkir undirstöðupætti sjálfbærrar þróunar og getur nýtt sér hugmyndir sjálfbærni í eigin lífi,</li> <li>• getur greint samspil manns og náttúru og mikilvægi náttúruverndar,</li> <li>• Framkvæmt einfaldar tilraunir og athuganir.</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnir frumkvæði og sjálfstæði við val og vinnu á verkefnum,</li> <li>• sýnir áhuga og er forvitinn um umhverfi sitt og fyrirbæri í náttúrunni.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Náttúrufræðikennslan byggir fyrst og fremst á á virkum umræðum, tilraunum, vettvangsferðum og umfjöllunum um námsefnið. Mikil áhersla er lögð á uppgötvunarnám. Nemendur vinna að ýmiskonar verkefnum einstaklingslega og í hóp; framkvæma tilraunir, skrifa skýrslur og kynna niðurstöður ýmist myndrænt, skriflega og/eða munnlega. Lögð er áhersla á að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum við að í að afla sér upplýsinga, sannreyna tilgátur og halda utan um uppgötvunir sínar og niðurstöður með einhverjum hætti. Verkefni eru löguð að þörfum hvers og eins.

Leitast er eftir því að nemendur:

- geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns,
- notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri,
- gert sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni,
- kynnist vísindasögu og fjalli um helstu flokka efnis, efnabreytingar og lotukerfið,
- geri athuganir/tilraunir á hlutum og fyrirbærum sem þeir þekkja,
- fái tækifæri til að taka afstöðu til verndunar og nýtingar náttúruauðlinda og sjálfbærrar þróunar,
- rökræði álita mál er varða umgengni við náttúruna, tækni og nýjustu vísindi,
- fái tækifæri til að kanna, hanna og framkvæma hugmyndir í þágu samfélagsins og prófa leiðir til upplýsingaöflunar og úrvinnslu.

Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

## Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið eru metin með hæfnitáknum og verkefni út frá fjölbreyttum matskvörðum eftir því sem við á hverju sinni. Að vori er hæfni hvers nemanda í náttúrugreinum tekin saman í eina einkunn, hæfni á námssviði, í bókstöfum og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Sunflower
- Litróf kennsluáðferðanna
- Youtube.com
- Kahoot.com
- Vísindavefurinn
- Heimildamyndir
- Kritin.is
- Natturutorg.is
- Visindasmidjan.hi.is
- Fjölgreindir í skólastofunni

## Samfélagsfræði

Samfélagsgreinar skiptast í sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, lífsleikni, trúarbragðafræði, jafnréttismál, heimspeki og siðfræði. Þessum námsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, svo sem réttlæti, frelsi, þekkingu, vináttu, virðingu og ábyrgð. Markmið samfélagsfræðigreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

Hver fræðigrein innan samfélagsgreina gegnir ákveðnu hlutverki. Í sögukennslu er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma. Landafræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af vixlverkun manns og náttúru. Trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi, lífsleikni, siðfræði og þjóðfélagsfræði gegna einnig mikilvægu hlutverki við að styðja áræðni, frumkvæði, borgaravitund, hlutverk, ábyrgð, seiglu og sjálfsmýnd nemenda. Með kennslu í samfélagsfræði er nemandinn virkjaður til þátttöku í samfélaginu með gildi og reglur þess að leiðarljósi.

**Tímafjöldi á viku:** Þrjár kennslustundir (60 mín) á viku, 10-11 vikur í senn.

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í samfélagsfræði í 9. bekk

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp,</li> <li>fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum,</li> <li>beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum,</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,</li> <li>temur sér gagnrýna hugsun og skoðun,</li> <li>fræðist um mismunun og forréttindi fólks í viðum skilningi,</li> <li>tekur tillit til skoðana annarra,</li> <li>metur og bregst við ólíkum skoðunum á fordómalausán hátt,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fær tækifæri á velja verkefni við hæfi sem hefur áhrif á útkomu,</li> <li>tekur tillit til skoðana annarra,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám,</li> <li>• kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,</li> <li>• lærir um lýðræði og grunnstoðir samfélagsins,</li> <li>• tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,</li> <li>• getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan og gagnrýnan hátt,</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• öðlast þekkingu á menningarlausni s.s. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum,</li> <li>• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li> <li>• nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu,</li> <li>• nýtir gagnvirkni námsefni,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notar kennslubækur, veraldarvefinn og önnur hjálpargögn við vinnu sína,</li> <li>• meðvitaður um samspil samfélags og náttúru og eigin áhrif á þetta samspil,</li> <li>• er virkur og tekur þátt í samvinnu,</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtir tæknina á skapandi hátt,</li> <li>• virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum,</li> <li>• nýtir hæfileika sína og skapar afurð.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Notast er við ýmsar kennsluáferðir til þess að gefa nemendum færi á að efla hæfni sína, s.s. bein kennsla, dagbókarskrif, samvinnunám, leikir, leiklist í kennslu, umræður, sjálfstæða vinnu, margmiðlunarverkefni o.fl. Unnið er með hópinn sem heild eða honum skipt upp í minni hópa. Lögð er áhersla á þverfaglega vinnu og samþættingu innan samfélagsgreina og við aðrar námsgreinar.

Leitast er eftir því að:

- auka víðsýni og hæfni nemenda til að skilja veruleikann,
- efla sjálfsmynd og auka hæfni nemenda í að átta sig á sjálfum sér og öðrum,
- auka hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra,
- virkja nemandan til þátttöku í félagsheimi sínum, þeim gildum og reglum sem þar ríkja,
- stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu,
- nemendur tileinki sér réttsýni, gildismat og ábyrgð sem byggir m.a. á hæfni til að setja sig í spor annarra og sjá fyrir afleiðingar gerða sinna.

## Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið eru metin út frá fjölbreyttum matsaðferðum svo sem stutt og lengri próf, heimapróf, svindlpróf, dagbókarskrif, ígrundanir, verkefni, kynningar, kvikmyndagerð, veggspjaldagerð, ritun, einstaklingsverkefni, hópverkefni o.fl. Í lok annar er samantekt á hæfni nemenda í hverri samfélagsgrein dregin saman í einn bókstaf sem birtist í Mentor. Sjá nánar á Mentor.

Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Nams.is
- Youtube.com
- Ted.com
- Khanacadamy.org
- Kynungabók
- Kynlega klippt og skorið
- Bozeman science
- Litróf kennsluaðferðina
- Að mörgu er að hyggja
- Leiklist í kennslu
- Vísindavefurinn
- Google earth
- Vefur lýðheilsustöðvar
- Fjölgreindir í skólastofunni
- 6h.is
- Attavitinn.is
- Astradur.is
- Jafnretti.is
- Vefbankivalla.is
- Worldatlas.com

## Skólaíþróttir

Skólaíþróttir skiptast í íþróttir og sund. Megintilgangur skólaíþróttanna er að efla líkamlegt og andlegt heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Nemendur fræðast um mikilvægi hreyfingar og heilsuefingar. Þeir kynna fjölbreyttum þjálfunaraðferðum sem auka færni þeirra og þekkingu á eigin líkama. Markmið skólaíþróttanna er að efla sjálfstraust og stuðla að betri líkamsvitund og andlegri vellíðan.

Gott líkamlegt ástand og markviss hreyfing hefur jákvæð áhrif á námsárangur barna og unglunga og styrkir þá félagslega. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að tengja saman jákvæð áhrif hreyfingar, heilbrigðs lífennis og velferðar til framtíðar. Í skólaíþróttum er leitast eftir því að koma til móts við þarfir, færni og áhugasvið nemenda í samræmi við hæfniviðmið Aðalnámsskrár grunnskóla. Helstu viðfangsefni eru grunnþjálfun, leikir, leikfimi, knattleikir, tækni, þol, köfun og almenn kennsla sundgreina. Rík áhersla er lögð á almenna kurteisi og jákvæð samskipti.

**Tímajöldi á viku:** Tvær kennslustundir (60 mín) á viku.

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum í 9.bekk:

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• stundar íþróttir/hreyfingu með ánægju að leiðarljósi,</li> <li>• getur gert gein fyrir mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífennis og jákvæðni áhrif þess á heilsuna,</li> <li>• þekkir ýmsar leiðir hreyfingar til þess að efla eigin heilbrigði og vellíðan,</li> <li>• gerir sér grein fyrir eigin líkamsástandi og þekkir eigin veikleika og styrkleika,</li> <li>• finnur sér hreyfingu við hæfi,</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli,</li> <li>• rættar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum,</li> <li>• getur stundað heilsurækt við hæfi án fordóma,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• hefur áhrif á val á leikjum, einnig fjölda í liðum og liðskipan,</li> <li>• þekkir eigin getu og finnur hreyfingu við hæfi,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kemur fram við aðra af virðingu fyrir manngildi hvers og eins,</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• upplifir og ræðir mikilvægi hreyfingar,</li> <li>• velur tæki og tól sem henta hverju sinni,</li> <li>• öðlast þekkingu á mikilvægi hreyfingar,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• eflir skilning sinn á mikilvægi heilbrigðs lífennis og hreyfingar,</li> <li>• velur hreyfingu við hæfi og nýtur ánægju af,</li> <li>• nýtir hreyfingu til að auka lífsgæði og vellíðan,</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• býr til æfingarplan sem hæfir getu,</li> <li>• upplifir fjölbreytileika skólaíþróttanna og skapar eigin stil.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Ýmist er unnið á einstaklingsgrunni eða í hópavinnu. Hver og einn nemandi vinnur út frá sínum eigin forsendum og færni, oft í stöðvahring. Innlögn frá kennara er í ýmist til allra í einu eða maður á mann. Hver tími byrjar á upphitun/innlögn, þá er unnið út frá einhverju meginþema hverju sinni og endað á niðurlagi/teygjum.

Í kennslunni er áhersla á:

- hreinlæti, grunntækni og uppbyggingu þols,
- samskipti í gegnum leiki,
- fræðslu um næringu og heilbrigt lífenni,
- að læra og fylgja þeim reglum sem eru í gildi á íþrótt- og sundstöðum.

Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Símat sem byggir á virkni nemenda, samskiptum, færni og framförum. Hæfni nemenda er metin út frá ýmsum þrautum og æfingum. Námsmat í sundi byggir á sundstígunum (I-10). Námsmat er gefið með hæfnieinkunn og umsögn á Mentor.

### **Bjargir fyrir kennara og nemendur**

- Skólaþróttir/skólasund
- Þjálfun, heilsa, vellíðan
- Leikjavefurinn.is
- arnthorr.tripod.com



## Stærðfræði

Stærðfræðin hefur verið mikilvægur hluti menningarinnar frá því sögur hófust. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra reglur, lögmál, kerfi og mynstur. Í aldanna rás hafa hugtök og táknmál um stærðir, rými og reglur þróast í stöðugri viðleitni mannsins til að ná meiri stjórn á aðstæðum sínum og auka getu sína til aðgerða. Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

**Tímajöldi á viku:** Fjórar kennslustundir (60 mín) á viku.

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í stærðfræði í 9. bekk

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>vinnur í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum og nýtir félagslega styrkleika sína og sýnir jákvæðni í samskiptum,</li> <li>fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum sínum og áhuga og byggir upp jákvætt viðhorf,</li> <li>sýnir rétt vinnubrögð og beitir rökréttum vinnuaðferðum,</li> <li>skipuleggur og útskýrir vinnu sína og er virkur.</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>nýtir stærðfræði á fjölbreyttan hátt á eigin forsendum,</li> <li>temur sér ábyrg og skipuleg vinnubrögð,</li> <li>tekur tillit til skoðana annarra og kemur á móts við þá í vinnu og vali hópaverkefna.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fær tækifæri á velja verkefni við hæfi og nýtir það með því að hafa áhrif á framvindu þess og útkomu,</li> <li>vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og tekur ábyrgð,</li> <li>vegur og metur stærðfræðilausnir á gagnrýninn hátt,</li> <li>getur aflað upplýsinga/heimilda og notað á rökréttan hátt við lausn stærðfræðiverkefna.</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>notar táknmál, hugtök og verkfæri stærðfræðinnar til að setja fram og leysa fræðileg og hversdagsleg vandamál,</li> <li>getur tjáð sig um veruleikann með hjálp stærðfræðinnar og útskýrt hugsun sína,</li> <li>nýtir rétta tækni sem hentar þeim stærðfræðiverkefnum sem verið er að vinna,</li> <li>getur lesið og aflað sér upplýsinga í stærðfræðitextum og leysir stærðfræðiþrautir.</li> </ul>

<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notar kennslubækur og önnur hjálpargögn stærðfræðinnar við verkefnavinnu,</li> <li>• nýtir sér möguleika hug- og tækjabúnaðar á veraldarvefnum tengdum stærðfræði,</li> <li>• geri sér grein fyrir að stærðfræði er ferli sem hann kemur til með að nýta sér í lífi og starfi,</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtir stærðfræði á fjölbreyttan og skapandi hátt,</li> <li>• virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leikur sér með möguleika og sýnir mismunandi stærðfræðiútfærslur,</li> <li>• fær að sýna og nýta hæfileikana sína og skapa fjölbreyttar lausnir,</li> <li>• vinnur samþætt verkefni milli námsgreina og fær þá stærra val um lausnir og útfærslu stærðfræðinnar.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í stærðfræði er notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Nemendur fá innlagnir frá kennurum, taka þátt í umræðum, fá þjálfun í notkun reikniaðgerða og rökhusun. Nemendur vinna einstaklingslega, í pörum eða í hópum. Námsárinu er skipt upp í ákveðna námsþætti sem nemendur vinna að hverju sinni. Árgangurinn vinnur þannig með sama viðfangsefnið á sama tíma en nemendur eru með einstaklingsmiðuð verkefni eftir getu, færni, áhuga og virkni. Einnig er unnið að ákveðnum þemaverkefnum nokkrum sinnum yfir veturinn. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar sinna kennslu í minni hópum þar sem þurfa þykir. Við kennslu í stærðfræði er bæði notast við skrifleg verkefni og verkleg.

Leitast er eftir því að nemendur geti:

- undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði,
- geti lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar,
- leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að nota skapandi hugsun,
- þekki helstu eiginleika talna, skyldleika talna og hvernig skrá má samhengi talna,
- unnið skipulega einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir,
- fengist við mælingar, eiginleika og tengsl lína, punkta, horn, flata og rúmhluta,
- skilja og meta tölfræðilegar upplýsingar til að þeir geti tekið þátt í upplýstri umræðu um samfélagsmál,
- öðlast trú á eigin hæfni til að beita stærðfræði við margvíslegar aðstæður og leyst úr fjölbreyttu viðfangefni,
- tekið þátt í þróun lausnaleyða við útreikninga og skráð svör sín,
- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt og leyst einfaldar jöfnur,
- notað undirstöðu hugtök rúmfræðinnar og unnið með rúmfræðilegar færslur

Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun:

Eins og fram kemur í Aðalnámsská grunnskóla er mat á hæfni og framförum nemenda reglubundinn þáttur í skólastarfi og órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið í stærðfræði eru metin með hæfnitáknum og verkefni út frá fjölbreyttum matskvörðum eftir því sem við á hverju sinni. Að vori er hæfni hvers nemanda í stærðfræði tekin saman í eina einkunn, hæfni á námsviði, og birt á Mentor. Sjá nánar á Mentor.

### Bjargir fyrir kennara og nemendur

- rasmus.is
- nams.is
- edu2you.com
- Töflurit
- Excel
- Vasareiknar
- Reglustikur
- Gráðubogar
- Hringfarar
- Chodecadamy.org
- Blocks (smáforrit)